



14. apríl 2023

Til: Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar – Dagny.Alma.Jonasdottir@reykjavik.is**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.**Efni:** Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. mars 2023 var neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram og vísað til umsagnar Sorpu bs. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Flokkur fólksins óskar upplýsingar um hver sé heildarkostnaður flokkunarstöðvarinnar í Álfsnesi fráupphafi til lokunar? Viðurkennt er nú stórfelld mistök varðandi flokkunarstöðina í Álfsnesi. Framkvæmdarstjóri SORPU segir „að mistök hafi verið gerð þegar ákveðið var að kaupa flokkunarkerfi sem vitað var að myndi ekki skila af sér nothæfri moltu. Ákveðið hefur verið að loka stöðinni“ Þrátt fyrir að vitað var að stöðin myndi ekki skila nothæfri moltu var engu að síður haldið áfram með verkefnið. Margsinis var varað við að aldrei komi nothæf motla út úr þessu kerfi. Hér er ein af mörgum bókun Flokks fólksins um málið frá 2021. „Spurningar vöknudu fyrst vegna GAJU sorph- og jarðgerðarstöðina 2016. GAJA átti að taka við öllum úrgangi afhöfuðborgarsvæðinu og framleiða hágæða moltu og metangas. GAJU var lýst sem töfrabragði, geta tekið blandað sorph og gert úr því hágæða moltu. Blása átti plasti frá og veiða málma úr sorphinu með segli. Stjórn Sorpu hlustaði ekki á varnarorð um að moltan yrði aldrei laus við plast. Niðurstaðan er plastmengun molta með þungmálmum og gleri, mengun langt yfir viðmiði. Sorpa hindraði aðgengi að gögnum og neitað að afhenda sýni. Gögn voru loks afhent samsýnir að 1.7% af moltu var plast, 2 mm eða stærra. Viðmiðið á að vera 0.5%. Moltan er ónothæf. GAJU ævintýrið var bara draumsýn sem kostað hefur borgarbúa ómælt fé“.

Fyrirspurnin barst SORPU þann 22. mars sl. með tölvupósti.

Svar SORPU bs.

Rétt er að hefja þetta svar á að benda á að engin flokkunarstöð er starfrækt á vegum SORPU í Álfsnesi. SORPA starfrækir hins vegar móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi, sem tekur á móti tæplega 90.000 tonnum af úrgangi og endurvinnsluefnum frá heimilum og fyrirtækjum á ári hverju.

Forvinnsla á lífrænum úrgangi úr blönduðum heimilisúrgangi er aðeins hluti af starfsemi móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU og var fjallað um niðurkeyrslu þeirrar flokkunarlínu í minnisblaði sem fylgdi fundargerð 477. fundar stjórnar SORPU. Minnisblaðið er aðgengilegt á vef byggðasamlagsins.

Móttöku- og flokkunarstöðin mun að óbreyttu vera starfrækt í Gufunesi um ókomna tíð, meðal annars við böggun á brennanlegum úrgangi, böggun plasts til endurvinnslu, böggun pappírs til endurvinnslu, pressun á frauðplasti og margt, margt fleira. Í ljósi þess að ekki stendur til að loka móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi í brád er ekki hægt að áætla hver heildarkostnaður hennar verður til lokunar.

Eins og fram kemur í rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár, sem birt var sem fylgiskjal með fundargerð 472. fundar stjórnar SORPU, er áætlað að rekstrarkostnaður móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU í Gufunesi verði rúmir 2.994 milljónir króna árið 2023.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,
Framkvæmdastjóri SORPU bs.